

Langanesbyggð
Langanesvegi 2
680 Þórshöfn

Hafnarfirði, 20.06.2025
MFRI: 2025-05-0268

Efni: Staðararvirkjun í Bakkafirði – Breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 og nýtt deiliskipulag – Skipulagslýsing

Vísað er til tveggja erinda sem bárust Hafrannsóknastofnun dags. 13. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Langanesbyggðar, máls nr. 736/2025 í Skipulagsgátt, og vegna deiliskipulags, máls nr. 737/2025.

Fram kemur í skipulagslýsingu að tildrög skipulagsbreytinganna eru þau að fyrirtækið Arctic Hydro hyggst reisa vatnsaflsvirkjun í Staðará í Bakkafirði. Áætlað uppsett afl virkjunarinnar er 0,99 MW og árleg orkuframleiðsla 6,1 GWst. Virkjunin verður tengd við dreifikerfi RARIK og er framkvæmdin liður í að efla samfélagið í Langanesbyggð.

Framkvæmdin

Í skipulagslýsingu kemur fram að skipulagsgerðin taki til lóns og stíflustæðis, veituskurða milli Rauðár og Staðarar, þrýstipípu meðfram Staðará að vestanverðu, efnisnáma, vinnuvega, frárennslisskurðar, veitna og lóða fyrir stöðvarhús og tímabundnar byggingar. Deiliskipulagssvæðið er 200 ha að stærð er skilgreint sem landbúnaðarland í núgildandi aðalskipulagi. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á óröskuðu svæði.

Lög um stjórn vatnamála

Hafrannsóknastofnun undirstrikar að við alla skipulagsgerð og framkvæmdir þarf að fara að ákvæðum laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögunum er ætlað að stuðla að langtímavernd vatnsauðlindarinnar, bæði yfirborðsvatns, grunnvatns, strandsjávar og árósa, og vistkerfa í og við vatn. Samkvæmt lögunum er hverju vatnshloti sett bindandi umhverfismarkmið og óheimilt er að valda slíku álagi á vatnshlot að umhverfismarkmið þess náist ekki nema að fenginni heimild frá Umhverfis- og orkustofnun sbr. 18. gr. laga nr. 36/2011.

Fyrirhuguð vatnsaflsvirkjun í Staðará kemur til með að hafa áhrif á straumvatnshlotið 102-1417-R Staðará/Rauðará¹. Umhverfismarkmið þess eru mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Vatnshlotið er talið í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og ekki talið í hættu vegna álags.

Áður en til framkvæmda kæmi við fyrirhugaða virkjun í Staðará þarf að fara fram mat áhrifum framkvæmdanna á vatnshlotið Staðará/Rauðará og hvort virkjunin verði til þess að

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-1417-R>

umhverfismarkmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála náist ekki. Umhverfis- og Orkustofnun hefur nýlega gefið út leiðbeiningar um gerð slíks mats og má nálgast þær á vefsíðu stofnunarinnar.²

Hafrannsóknastofnun vekur athygli á því að gögn og rannsóknir á gæðapáttum til að staðfesta vistfræðilegt ástand vatnshlotsins Staðará/Rauðará liggja ekki fyrir.

Möguleg áhrif virkjunarinnar á vatnshlotið Staðará/Rauðará

Áhrif virkjunarinnar og framkvæmda henni tengdri geta verið margvísleg, bæði á vatnshlotið Staðará/Rauðará og nærumhverfi ána. Umfang áhrifanna veltur á hönnun og rekstri virkjunarinnar. Hafi virkjunin í för með sér breytta rennslishætti í Rauðará, Staðará eða báðum ánum gætu áhrifin á lífríkið í og við ána og þar með vistfræðilegt ástand vatnshlotsins orðið umtalsverð.

Virkjunarframkvæmdir eru fyrirhugaðar á áður óröskuðu svæði og nær inn á verndað votlendi sem og aðrar vistgerðir með hátt verndargildi en fjallað er ýtarlega um það í umsögn Náttúruverndarstofnunar og vísar Hafrannsóknastofnun til þeirrar umfjöllunar.

Staðará er stutt fiskgeng og því ekki um sjögöngustofna að ræða í ánni fyrir ofan Draugafoss en algengt er að finna staðbundna stofna bæði bleikju og urriða fyrir ofan fossa á þessu landsvæði. Engin rannsókn á mögulegum staðbundnum fiskistofnum hefur farið fram svo vitað sé.

Framkvæmdum sem þessum fylgir talsverð efnistaka sem þarf að skipuleggja. Hafrannsóknastofnun leggur áherslu á að ekki sé stunduð efnistaka í ám og bendir á að framkvæmdir í og við vatn er háð sérstöku leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi skipulagsbreytinga.

Virðingafyllst,



Hrönn G. Guðmundsdóttir



Hlynur Bárðarson

² https://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/?_gl=1*1jxvpfp*_ga*MTA3MTczOTEyNy4xNzE5ODMwMzQ0*_ga_9DDCYHZBX6*MTc0NjIwNjEwOS4zMjI4wLjE3NDYyMDYxMTIuMC4wLjA.